



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkomulag um rekstur Neslaugar

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, (hér eftir einnig nefnt „sveitarfélagið“ eða „leigusali“) annars vegar, og Eypór Brynjólfsson, kt. 151056-2969, (hér eftir einnig nefnt „félagið“ eða „leigutaki“), hins vegar gera með sér svohljóðandi samkomulagum rekstur Neslaugar við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

1. gr.

Hið leigða

Leigusali leigir leigutaka til rekstrar sundlaugina Neslaug ásamt öllu því sem fylgir ber:

Um er að ræða fasteignina Neslaug, landnr. L186777, fasteignanr. F224-3931. Eignin samanstendur af búningaklefum og geymslu, samtals að stærð 413,2 m², og sundlaug af stærðinni 100 m². Samtals eign er 1.755 m³, auk 2.000 m² lóðar.

Auk framangreindrar eignar tekur leigutaki búnað og áhöld á leigu samkvæmd lista (fylgiskjal nr. 1) er fylgir samningi þessum og er samþykktur af leigutaka og leigusala.

Önnur starfsemi en rekstur sundlaugar er óheimil í eigninni nema með samþykki leigusala.

2. gr.

Leigutíminn

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 31. desember 2023. Samningurinn er uppsegjanlegur að beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

3. gr.

Greiðslur

Leigusali greiðir leigutaka fyrir rekstur á sundlauginni Neslaug við Árnes og skulu greiðslur nema 570.000 kr. á mánuði á tímabilinu. Inni í þeirri greiðslu er aðgangseyrir vegna komu og notkunar eldri borgara á Neslaug. Greiðslur skulu haldast óbreyttar á leigutímanum.

Greiðsla skal fara fram 1. hvers mánaðar í samræmi við útgefin reikning leigutaka.

4. gr.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Leigusali greiðir rafmagn, heitt vatn og kalt vatn. Leigutaki greiðir fyrir klór og annan rekstrarkostnað sem nota þarf við reksturinn á leigutímanum. Auk þess greiðir leigutaki fyrir síma- og netkostnað.

Starfsmannahald við Neslaug er alfarið á kostnað leigutaka og í umsjón hans. Skal leigutaki sjá til þess að fullnægjandi mönnun sé við opnunartíma laugarinnar og að starfsfólk uppfylli almennar



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

kröfur sem til þess eru gerðar. Skal leigutaki kosta námskeið og aðra nauðsynlega menntun sem starfsfólk sundlaugarinnar þarf að sækja.

Aðgangseyrir gesta rennur óskiptur til leigutaka.

5. gr.

Eigin afnot leigusala af eigninni

Leigutaki skal heimila og annast gæslu við skólasund fyrir Þjósárskóla í Neslaug á tímabilinu án aukagreiðslu. Fer það eftir framlagri stundaskrá skólastjóra Þjósárskóla. Komi til forfalla leigutaka, t.d. vegna veikinda, skal Þjósárskóli annast gæslu vegna skólasunds. Leigutaki hefur frítökurétt á skólaárinu og sér hann til þess að í hans fjarveru sé fullnægjandi mönnun til staðar við gæslu á meðan á skólasundi stendur. Leigutaki ber allan kostnað við þann afleysingarstarfsmann. Leigutaki skal leyfa og annast gæslu og umsjón með sundleikfimi haust og vor fyrir eldri borgara í samráði við sveitarstjóra og sundkennara án aukagreiðslu. Leigutaki skal annast umsjón og gæslu við ungbarnasund að vori í samráði við sveitarstjóra og sundkennara. Leigutaki skal leyfa afnot af sundlaug í tengslum við hátíðarhöld á 17. júní, allt í samráði við 17. júní nefnd sveitarfélagsins.

6. gr.

Meðferð hins leigða

Leigutaki skuldbindur sig til þess að fara vel með hið leigða og tilheyrandi svæði og skila því að leigutíma loknum í ekki lakara ástandi og það var í við upphaf hans, að því undanskildu sem leiða kann af eðlilegu sliti við notkun. Skyld er honum að bæta að fullu skemmdir er orsakast kunna af vanrækslu eða yfirsjón hans eða fólks á hans vegum.

Leigutaki skal annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskröfum, raftenglum og öðru smálegu. Leigutaki sér einnig um viðhald sem kemur til af völdum hans, starfsfólks hans eða annarra sem hann hefur leyft aðgang að húsnæðinu eða umgang.

Leigusali sér um allt venjulegt viðhald utanhúss. Leigusali annast viðgerðir og viðhald á gluggum, hreinlætistækjum og öðru því sem fylgir eigninni ef leigutaki sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigutaka eða fólks á hans vegum.

Leigutaka ber að leita til leigusala með viðhaldsverkefni sem koma upp á hverjum tíma og eru í skyldum leigutaka að sjá um. Öll viðhaldsverkefni á eigninni skulu borin undir sveitarstjóra eða oddvita til samþykktar, sé það ekki gert ber leigutaki kostnað vegna verksins.

Að öðru leyti en hér að framan greinir varðandi viðhald á leigðri eign, skal fara eftir IV. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

7. gr.

Önnur ákvæði

Leigutaka er óheimild að endurleigja eignina eða aðstöðu nema að fengnu samþykki leigusala. Leigutaki hefur heimild til að merkja húsnæðið að utnaverðu í samráði við leigusala.

Leigutaki hefur kynnt sér ástand eignarinnar og gerir ekki athugasemdir við hana.

Leigutaka ber að uppfylla lánmarkskröfur leigusala um opnunartíma á tímabilinu samkvæmt fylgiskjali II með samningi þessum.

Þar sem ákvæði samnings þessa ná ekki til skulu ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

8. gr.

Varnarþing


Komi til ágreinings vegna leigusamnings þessa sem aðilar ná ekki að leysa úr skal dómsmál rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilarnir undir samning þennan í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.


Árnesi, 15. desember 2021.


Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepps
F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


Eyþór Brynjólfsson

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:


Nafn og kennitala


Nafn og kennitala



Fylgiskjal I að samkomulagi um rekstur Neslaugar

Eftirfarandi búnaður og áhöld fylgja með í leigu á húsnæði Neslaugar til leigutaka árin 2022-2023.

- Þvottavél
- Ryksyga
- Örbylgjuofn
- Kaffikanna
- Ísskápur
- Símtæki
- Útvarp
- Vatnsryksuga fyrir laugina
- Klórmælingatæki
- Klórtöflur
- Hitablálasari
- Ruslatunnur
- Klukkur
- Teketill

- Hjartastuðtæki
- Súrefnistaska
- Björgunarsveigur
- Sjúkrabörur
- Sjúkrakassi

- Frauðleikföng, leikföng
- Sólbekkir 3 stk, Sólstólar 5 stk.
- Handklæði/sundföt til leigu og sundgleraugu, 13 stk.
- 10 miða og 20 miða afsláttarkort



Fylgiskjal II að samkomulagi um rekstur Neslaugar

Opnunartímar Neslaugar 2022-2023

Frá 1.- 30. september

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-18

Miðvikudagar frá kl 17-22

Frá 1. október – 30. apríl

Laugardaga frá kl. 13-18

Miðvikudaga frá kl 17-22

Frá 1. -31. maí

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-18

Miðvikudagar frá kl 17-22

Frá 1. júní – 31. ágúst

Þriðjudaga- fimmtudaga frá kl 14-22

Föstudaga frá kl 14-18

Laugardaga og sunnudaga frá kl 10-18